

**Mál nr. 358/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. Heimilisverndartryggingar.**

**Maður féll í stiga og braut kjálka og kinnbein auk tanna þ. 10. júní 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 2.8.2012.

**Málsatvik.**

M féll í stiga með þeim afleiðingum að hann kjálka- og kinnbeinsbrotnaði auk þess sem tannbrú brotnaði. M krefst bóta vegna tannbrots úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V. Af hálfu M er bent á að um varanlega og góða viðgerð hafi verið að ræða á tönnum M þar sem notuð hafi verið svokölluð “implant” þar sem títan stiftum sé komið fyrir í gómi sjúklings í stað rota og tannbrýr smíðaðar á þá og með því móti sé hægt að nýta það tannbein sem fyrir er og styðja við þær tennur sem eftir standa. Af hálfu M er því haldið fram að um velviðgarðar tennur hafi verið að ræða sem löskuðust í slysinu og sé það bótaskyldt sbr. grein 6.1. í vátryggingaskilmálum Heimilisverndartryggingar M hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að samkvæmt vottorði tannlæknis M komi fram að “plantabré” hafi skekkst og brotnað og því þurft að smíða nýja brú og með vísan til þess teljist tennur M hvorki heilbrigðar né vel viðgerðar.

**Álit.**

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja í málinu var M með vel viðgerðar tennur þegar slysið varð. M hafði fengið svonefnt “implant” tannbrú fyrir slysið sem skekkst og brotnaði og þarf M að fá aðra tannbrú. Í grein 6.1. vátryggingaskilmála sem um ræðir segir m.a. “Félagið greiðir viðgerð á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem laskast eða brotna við slys”. Af gögnum málsins liggur fyrir að tennur M voru vel viðgerðar en hann hafði fyrir slysið látið gera dýra viðgerð á tönnum sínum og tannbrú sem var gerð í því sambandi brotnaði. M hefur því orðið fyrir tjóni á vel viðgerðum tönnum og á rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.9.2012.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.